



SKÝRSLA STJÓRNAR 2018 -2019

YFIRLIT YFIR STARF STJÓRNAR MAÍ 2018-APRÍL 2019

Á aðalfundi Fjölís þann 25. maí 2018 var ný stjórn skipuð yfir félagið.

Aðalstjórn er þannig skipuð:

Halldór Þ. Birgisson, formaður f.h. FÍBÚT
Ragnar Th. Sigurðsson, varaformaður f.h. Myndstefs
Jón Yngvi Jóhannsson, f.h. Hagþenkis
Sindri Freysson, f.h. RSÍ
Páll Ragnar Pálsson, f.h. STEF
Hjálmar Jónsson, f.h. Blaðamannafélags Íslands
Gylfi Garðarsson, f.h. Sítons

Varamenn eru:

Egill Örn Jóhannsson, f.h. FÍBÚT
Knútur Bruun, f.h. Myndstefs
Friðbjörg Ingimarsdóttir, f.h. Hagþenkis
Karl Ágúst Úlfsson, f.h. RSÍ
Guðrún Björk Bjarnadóttir f.h. STEFs
Arndís Þorgeirsdóttir, f.h. Blaðamannafélags Íslands
Björgvin Þ. Valdimarsson, f.h. Sítons

Verkefni starfsársins fólust í áframhaldandi samningagerð við landssambönd kóra sem staðið hefur undanfarin misseri. Á haustmánuðum tóku samböndin fyrir samkomulag um samninga við Fjölís sem lágu fyrir í janúar og mars 2018. Gígjan og landssamband kvennakóra samþykktu að ganga til samninga við Fjölís f.h. sinna aðildarkóra. Samböndin semja nú beint við Fjölís, innheimta endurgjald fyrir afritun höfundaréttarvarins efnis og standa skil á greiðslum til Fjölís. Innheimta skv. hinum nýju samningum hófst eftir áramót 2018-2019. Landssamband karlakóra gekk hins vegar til rammisamningsgerðar f.h. sinna aðildarkóra í lok árs. Heimtur skv. hinum nýja rammisamningi hafa ekki gengið skv. vonum en samvinna við stjórn sambandsins gengur vel.

Stóri skólasamningurinn rann út um áramót 2018-2019 og hafa framkvæmdastjóri og stjórnarformaður átt góðar viðræður við menntamálaráðuneytið um endurnýjun hans. Vonir standa til að hann verði endurnýjaður óbreyttur í upphafi sumars 2019.

Um áramót 2018-2019 barst beiðni frá Stjórnarráðinu um viðræður vegna endurnýjunar á samningi Fjölís vegna afritunar á höfundaréttarvörðu efni í starfsemi stjórnsýslu ríkisins. Ekki hefur enn orðið af fundi þar sem ekki hafa borist svör frá Stjórnarráðinu um tímasetningu hans.

Starfshlutfall framkvæmdastjóra var á árinu 2017 lækkað í 30% vegna minnkaðs umfangs við samningagerð og innheimtu, þegar flestir samningar höfðu verið endurnýjaðir og þeim komið í farveg. Á sama tíma var frádráttur frá tekjum, til rekstrar félagsins lækkaður úr 18% í 12%. Skrifstofur Fjölís voru færðar til Félags íslenskra bókaútgefenda um mitt ár og umfang rekstrar þannig minnkað enn frekar. Á árinu 2018 námu rekstrargjöld 8,5% af heildartekjum Fjölís.

1 FUNDIR OG HELSTU VERKEFNI

Frá aðalfundi, 25. maí hefur eingöngu verið haldinn einn hefðbundinn stjórnarfundur, í desember, þar sem farið var yfir úthlutun í árslok. Tíðni funda ræðst af verkefnum skv. ákvörðun

stjórnar. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fóru á árlegan fund norræna systursamtaka í Stokkhólmi í ágúst 2018 og aðalfund lfro í Aþenu í Grikklandi í október 2018.

2 TEKJUR OG GJÖLD

2.1 TEKJUR

Tekjur vegna stóra skólasamningsins eru sem fyrr stærsti einstaki tekjuliður vegna samninga Fjölíss. Hann nær til endurgjalds fyrir afritun í öllu skólakerfinu þ.m.t. einkaskólum, tónlistarskólum og háskólum.

Tekjur ársins 2018 voru skv. hér segir;

	2018	2017
<i>Grunn-, framhalds- og -háskólar</i>	111.460.000	107.900.000
<i>Stjórnarráð Íslands og stofnanir þess</i>	9.700.000	9.400.000
<i>Sveitarfélög</i>	8.435.228	8.033.930
<i>Kirkjuráð</i>	855.833	851.136
<i>Kórar</i>	0*	1.402.817
<i>Erlend fjölföldun</i>	2.289.139**	1.152.234
<i>Samtals tekjur vegna samninga</i>	131.884.367	128.740.117
Afskriftir og leiðréttingar	0	0
Vextir og gengismunur	765.283	789.183
Fjármagnstekjuskattur	-168.340	-157.137
	596.943	632.046
Samtals tekjur	132.481.310	129.372.163

* Samningum við landsambönd kóra var ekki lokið fyrir en um áramót. Innheimta vegna ársins 2018-2019 hófst í upphafi árs 2019.

**Hluta tekna frá erlendum systursamtökum var úthlutað til einstaklinga skv. ákvörðun stjórnar og kröfum í nýri evrópulöggjöf.

2.2 GJÖLD

	2017	2016
<i>Laun og launatengd gjöld, þ.m.t. stjórnarlaun</i>	7.398.637	9.190.544
<i>Ifrro fundir, ferðakostnaður</i>	711.392	441.893
<i>Ifrro félagsgjöld</i>	996.640	956.480
<i>Norrænir fundir, ferðakostnaður</i>	461.093	784.932
<i>Rekstrarkostnaður skrifstofu/félagsins</i>	1.654.135	4.146.133
<i>Námskeið</i>	0	174.705
<i>Afskrifir og leiðréttingar</i>	0	2.743.922
<i>Samtals rekstrarkostnaður</i>	11.221.897	15.519.982

Heildarkostnaður nam á árinu 2018 8,5% af tekjum félagsins og hefur lækkað úr 17,8% frá árinu 2015.

3 ÚTHLUTUN TIL AÐILDARFÉLAGA OG ERLENDRA RÉTTAFASAMTAKA

3.1 STÓRI SKÓLASAMNINGURINN

Greiðsla frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, vegna samnings um ljósritun í skólum nam 111.460.000. Í maí 2018 var úthlutað 82.629.098 kr. til innlendra réttaha. Erlend úthlutun að fjárhæð 15.455.703 kr. fór fram í desember s.á. eða samtals 98.084.801 kr. Úthlutun var eftirfarandi skv. gagnkvæmnisamningum við erlend systursamtök og skv. samkomulagi aðildarfélaga þar um:

<i>Aðildarfélag:</i>	<i>Hlutdeild mismunandi effir skólastigum</i>	<i>kr.</i>
<i>Erlendir réttahafar</i>		15.455.703
<i>FÍBÚT</i>		18.273.870
<i>Blaðamannafélag Íslands</i>		2.740.402
<i>Hagþenkir</i>		28.037.380
<i>Myndstef</i>		18.098.587
<i>Rithöfundasamband Íslands</i>		8.262.910
<i>STEF</i>		6.566.441
<i>Sítón</i>		649.508
<i>Samtals</i>		98.084.801

3.2 STJÓRNARRÁÐ

Greiðslur vegna Stjórnarráðssamnings námu 9.700.000 kr. á árinu 2018. Greiðsla barst í janúar 2019 og þá var úthlutað 7.625.604 kr. til innlendra réttihafa og 910.397 kr. til erlendra réttihafa, samtals 8.536.001. Skipting var eftirfarandi skv. gagnkvæmnissamningum við erlend systursamtök og skv. samkomulagi aðildarféлага þar um:

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
Erlendir réttihafar		910.394
FÍBÚT	29	2.211.426
Blaðamannafélag Íslands	18	1.372.609
Hagþenkir	39	2.973.987
Myndstef	11	838.817
Rithöfundasamband Íslands	2	152.512
STEF	1	76.256
Samtals	100	8.536.001

3.3 KIRKJURÁÐ

Greiðslur vegna samnings við Kirkjuráð námu 855.833 kr. á árinu 2018. Í desember var 753.133 kr. úthlutað, þ.a. 677.945 kr. innanlands skv. samkomulagi aðildarféлага þar um og 75.188 kr. skv. samningum við erlend systursamtök:

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
Erlendir réttihafar		75.188
FÍBÚT	9,35	63.388
Blaðamannafélag Íslands	1	6.779
Hagþenkir	1	6.779
Myndstef	2	13.559
Rithöfundasamband Íslands	13	88.133
STEF	67,4	456.935
Sítón	6,25	42.372
Samtals	100	753.133

3.4 KÓRAR

Greiðslur vegna samninga við kóra á árinu 2018 verða innheimtar á árinu 2019 ásamt endurgjaldi fyrir það ár.

3.5 STJÓRNSÝSLA SVEITARFÉLAGA

Innheimtar voru á árinu 8.435.228 kr. vegna rammisamnings um stjórnarsýslu og rekstur sveitarfélaga. Úthlutun, sem fram fór í desember 2018 nam 7.423.001 , þ.a. 6.738.135 til innlendra réttihafa og 684.866 kr. til erlendra réttihafa.

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
Erlendir réttihafar		684.866
FÍBÚT	29	1.954.059
Blaðamannafélag Íslands	18	1.212.864
Hagþenkir	39	2.627.873
Myndstef	11	741.195
Rithöfundasamband Íslands	2	134.763
STEF	1	67.381
Samtals	100	7.423.001

3.6 ERLENDAR TEKJUR

Greiðslur til íslenskra réttihafa vegna gagnkvæmnisamninga við erlend systursamtök námu 2.764.603 kr. á árinu 2018. Úthlutun vegna þeirra nam 2.524.387 kr. og skiptist með eftirfarandi hætti skv. gildandi skiptingu um sambærilega samninga innanlands. Aðallega er um að ræða afritun í skólum.

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
Úthlutun til einstaklinga		762.799
FÍBÚT		405.165
Blaðamannafélag Íslands		61.656
Hagþenkir		642.979
Myndstef		413.973
Rithöfundasamband Íslands		176.159
STEF		52.848
Sítón		8.808
Samtals	100	2.524.387

3.7 HEILDARÚTHLUTUN 2018

Heildarúthlutun Fjölíss á innheimtum tekjum ársins 2018 nam 117.321.325 kr. eða 89% af innheimtum tekjum. Úthlutun innanlands nam 100.195.172 kr. eða 85,4% af heildarúthlutun. 14,6% af tekjum Fjölís rennur þannig til erlendra réttihafa skv. samningum þar um. Heildarúthlutun skiptist með neðangreindum hætti á milli erlendra réttihafa, aðildarféлага og einstaklinga innanlands:

Aðildarfélag:	2018	2017
VG WORT, DE	921.810	548.366
CopyDan, DA	1.164.204	1.203.894
Bonus Copyright Access, SE	1.396.467	2.057.676
Copyright Licensing Agency, UK	6.177.963	6.035.069
Copyright Clearance Center, USA	6.435.600	6.028.356
Kopinor	1.030.109	477.787
FÍBÚT	22.907.908	21.219.751
Blaðamannafélag Íslands	5.394.310	4.606.414
Hagþenkir	34.288.998	31.793.434
Myndstef	20.106.131	19.053.648
Rithöfundasamband Íslands	8.814.477	8.623.349
STEF	7.219.861	7.450.068
Sítón	700.688	727.867
Einstaklingsúthlutun	762.799	0
Samtals	117.321.325	109.825.679

4 SAMNINGAMÁL

4.1 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Samningur sem tekur til alls menntastarfs í landinu var undirritaður 2016. Hann endurnýjast sjálfkrafa þar til honum verður sagt upp.

4.2 KÓRAR

Eftir viðræður sem stóðu frá 2015 og könnun á afritun höfundaréttarvarins efnis í starfsemi kóra, lá fyrir samkomulag við Landssamband blandaðra kóra og Gígjuna, landssamband blandaðra kóra um n.k. regnhlífasamning þar sem samböndin undirgangast skuldbindingar gagnvart Fjölís f.h. sinna aðildarkóra. Það samkomulag var lagt fyrir á aðalfundum samtakanna á haustmánuðum 2018 og samþykkt. Innheimta skv. þeim hófst um áramót og greiðslur fyrir hluta þeirra hafa þegar borist. Landssamband karlakóra hefur einnig samþykkt sambærilegan rammisamning en samningsgerð er ólokið við kórana.

4.3 KIRKJURÁÐ

Samningur frá 2016 er í gildi. Hann endurnýjast sjálfkrafa þar til honum verður sagt upp.

4.4 SVEITARFÉLÖG

Öll sveitarfélög hafa undirritað nýjan samning um afritun höfundaréttarvarins efnis við Fjölís. Endurnýjast þeir samningar sjálfkrafa þar til þeim verður sagt upp.

4.5 STJÓRNARRÁÐIÐ

Undanfarin ár hefur innheimta á samningi við Stjórnarráðið kallað á talsverða eftirfylgd. Greiðslan er ekki lengur sérgreind á fjárlögum eins og áður var og þar sem upphæðin er tengd verðtryggingu sem reiknuð er út af ríkinu (verðtrygging á rekstrarkostnaði í Stjórnarráðinu) þarf að kalla eftir þeim útreikningum árlega. Undir áramót, þegar fyrirspurnum og ítrekunum þar um hafði verið beint að Stjórnarráðinu í 4-5 mánuði, án þess að svör fengjust, sendi Stjórnarráðið loks töluna og óskaði eftir fundi um endurnýjun samningsins. Tillögum framkvæmdastjóra og stjórnarformanns um tímasetningu slíks fundar hefur hins vegar enn ekki verið svarað.

5 ERENT SAMSTARF

5.1 NORRÆNN STÓRFUNDUR Í OSLÓ

Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður sátu norrænan stórfund sem haldinn var í Stokkhólmi í ágúst 2018. Dagskrá fundarins var með hefbundnu sniði og rætt var um þróun undanþága í höfundarétti í Evrópu, um milliríkjasaminga á sviði höfundaréttar og heildarleyfissaminga auk Evróputilskipunar sem nú er unnið að því að taka upp á Norðurlöndunum.

Framkvæmdastjóri hefur jafnframt verið í góðu sambandi við norræn systursamtök og lfrro vegna breytinga á löggjöf sem varða annars vegar auknar kröfur til höfundaréttarsamtaka sem fara með umboð höfunda og útgefenda til samningsgerðar og hins vegar breytingar á grunnhöfundarétti þar sem meginhugmyndin er að bæta við undanþágum til notkunar á höfundaréttarvörðu efni.

5.2 AÐRIR ALÞJÓLEGIR FUNDIR

Formaður og framkvæmdastjóri sátu aðalfund lfrro í Apenu í október 2018 þar sem fundað var með systursamtökum ýmissa landa og sérstakur fundur um Evrópumálefni sóttur þar sem rætt var um breytingar sem fylgja fram komnum frumvörpum um breytingu á evrópulöggjöf. Á fundum sem þessum er jafnan skipst á upplýsingum og reynslu manna af samningagerð og samskiptum við viðsemjendur. Á aðalfundi lfrro var sérstaklega rætt um vandkvæði við að ákvarða höfundarétt af verkum sem búin eru til með gervigreind.

6 VERKEFNI FRAMUNDAN


Norrænn stórfundur verður haldinn í Færeyjum í september 2019 sem stjórnarformaður hyggjast sækja og ársfundur Ifrro verður haldinn í Edinborg í október 2019 sem stjórnarformaður og framkvæmdastjóri hyggjast sækja.

Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi á rekstri Fjölís í samræmi við samþykkt stjórnar þar um. Framkvæmdastjóri, í hlutastarfi, sinnir útreikningum, reikningagerð og innheimtu gjalda auk þess að fylgja eftir nýgerðum samningum við kóra. Nýtt fyrirkomulag á úthlutun til einstaklinga skv. kröfum nýrrar löggjafar kallar á meiri vinnu en áður þegar úthlutun var eingöngu til aðildarfélaga Fjölís. Þá er fylgst með breytingum á löggjöf eftir þörfum og innlendum og erlendum fyrirspurnum svarað auk þjónustu við aðildarfélög v. upplýsingagjöf og annað tilfallandi.

Fyrirséð er að Fjölís að uppfylla víðtækar skyldur skv. tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2014/26/ESB um sameiginlega umsýslu höfundaréttar og skyldra réttinda o.fl. skv. frumvarpi sem nú er til meðferðar á Alþingi og gert er ráð fyrir að taki gildi 1. janúar 2020. Skv. því eru gerðar ríkar kröfur um gagnsæi, meðferð fjármuna sem ekki er unnt að ráðstafa til einstaklinga, að fá löggilta endurskoðendur til að endurskoða ársreikning, kalla eftir upplýsingum frá stjórnarmönnum um hagsmunarárekstra og endurskoða þarf samþykktir Fjölís svo eitthvað sé nefnt. Þá þarf menntamálaráðuneytið að gefa út viðurkenningu á Fjölís sem hagsmunasamtökum höfundaréttarsamtaka í samræmi við breytingar á höfundalögum frá árinu 2106. Af því hefur ekki orðið þar sem ekki hafa verið settar nýjar reglur um slíka viðurkenningu í ráðuneytinu. Þá er auk þess fyrirséð að taka þarf upp samninga við Stjórnarráðið skv. beiðni þar um.

Það er fagnaðarefni hve góður árangur hefur náðst við rekstur Fjölís og samningagerð þar sem innheimtar tekjur hafa aukist stöðugt undanfarin ár, eða sem nemur 25% frá árinu 2015 og að á sama tíma hefur verið unnt að draga saman kostnað við rekstur félagsins um ríflega 40%.

16. maí 2019



Halldór Þ. Birgisson
formaður